

Til þeirra er málið varðar

8. desember 2014

Húsfélagið að Norðurbakka 5 í Hafnarfirði, hefur látið vinna undirbúningsvinnu sem gerir einstökum íbúum fjölbýlishússins að Norðurbakka 5 kleift að ráðast í framkvæmdir við svalalokanir á svölum íbúða sinna.

Húsfélagið mun beita sér fyrir því að allar íbúðir verði með lokanir frá sama aðila þannig að samræmi fái í útliti hússins og að öllum öryggisráðstöfunum sé hlítt. Í þessum tilgangi hefur húsfélagið fengið arkitekt hússins til þess að hanna og teikna fyrirhugaðar lokanir og er vísað til teikninga arkitektsins í því sambandi.

Lokanir verða keyptar frá viðurkenndum aðilum á þessum markaði á Íslandi. Tveir aðilar koma til greina. Annars vegar Gluggar og Garðhús hf. sem býður upp á lausnir frá þýska fyrirtækinu Sunflex og hins vegar Gler & Brautir ehf. sem er með vörur frá Cover-Aluproducs. Bæði þessi fyrirtæki hafa áralanga reynslu á þessu sviði og svalalokanir frá þeim verið notaðar í fjölda bygginga á Íslandi.

Fyrir hönd húsfélagsins að Norðurbakka 5



Ásbjörn Björnsson, stjórnarmaður